



NIÐURSTÖÐUR FRÁ SAMRÁÐSFUNDI
MENNTAMÁLASTOFNUNAR MEÐ FULLTRÚUM ÚR
UNGMENNARÁÐUM SEM HALDINN VAR 29. APRÍL 2016

ÁGÚST 2016

Um Menntamálastofnun

Menntamálastofnun tók til starfa þann 1. október 2015 og um stofnunina gilda lög [nr. 91/2015](#). Með lögunum er stofnuninni falin umfangsmikil verkefni á sviði menntamála og með gildistöku laganna voru Námsgagnastofnun og Námsmatsstofnun lagðar niður og verkefni þeirra færð til Menntamálastofnunar ásamt ýmsum verkefnum sem mennta- og menningarmálaráðuneytið sinnti áður. Einnig hefur stofnuninni verið falin umsjón með nýjum verkefnum.

Dæmi um verkefni Menntamálastofnunar eru:

- aðgangspróf fyrir háskóla
- alþjóðlegar rannsóknir
- fagráð eineltismála í grunnskólum
- innritun fatlaðra á starfsbrautir í framhaldsskólum
- innritun í framhaldsskóla
- leyfisbréf fyrir kennara
- námsgagnaútgáfa
- samræmd könnunarpróf
- staðfestingar námsbrautalýsinga framhaldsskóla
- viðurkenningar á skólum
- vottun á námskrám framhaldsfræðslu.

Sú fyrirætlan Menntamálastofnunar að fá sjónarmið ungmenna á menntamálum og verkefnum stofnunarinnar var eitt af forgangsverkefnum í mótun hennar, enda eru nemendur helstu hagsmunaaðilar stofnunarinnar. Í ræðu forstjóra stofnunarinnar á opnunarhátíð 5. október 2015 sagði hann frá þeirri fyrirætlan og í framhaldinu var verkefninu hrundið af stað.

Samráðsfundur Menntamálastofnunar með fulltrúum úr ungmennaráðum 29. apríl 2016

Samráðsfundur Menntamálastofnunar með fulltrúum úr ungmennaráðum var haldinn 29. apríl 2016. Tilgangur fundarins var að fá skoðanir ungmenna á ýmsum málefnum og verkefnum stofnunarinnar. Leitað var til ýmissa aðila með að fá aðgang að þeirra fulltrúum í ungmennaráðum og var sú leið farin þar sem nú þegar liggur fyrir í ráðunum mikilvæg þekking og reynsla sem stofnunin ákvað að nýta sér. Þeir aðilar sem leitað var til voru: Barnaheill, Heimili og skóli-SAFT, Samband íslenskra sveitarfélaga (ungmennafélög sveitarfélaga), Samfés, Umboðsmaður barna, Unicef og Ungmennafélag Íslands (UMFÍ). Málaleitan stofnunarinnar var mjög vel tekið og sendu þessir aðilar fulltrúa sína á fundinn, en þátttakendalisti fundarins var svohljóðandi:

Barnaheill	Ingibjörg Ragnheiður Linnet
SAFT	Alexandra Rós Aldísardóttir
	Jón Hjörvar Valgarðsson
SAMFÉS	Jón Páll Magnússon
	Indíana Lind Gylfadóttir

Samband íslenskra sveitarfélaga:

a. Ungmennaráð Árborgar	Guðmunda Bergsdóttir
b. Ungmennaráð Akureyrar	Jörundur Guðni Sigurbjörnsson
c. Ungmennaráð Fjarðabyggðar	Sigurður Ingvi Gunnþórsson
d. Ungmennaráð Stykkishólms	Einar Bergmann
	Sara Rósa Hulda Róbertsdóttir
	Þórhildur Hólmgeirsdóttir
Umboðsmaður barna	Inga Huld Ármann
Ungmennafélag Íslands	Kristján Helgason
Unicef	Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir
	Harpa Eir Torleifsdóttir
	Jökull Ingi Þorvaldsson

Einnig mættu með ungmennunum á fundinn umsjónaraðilar ungmennaráðanna en þeir voru: Agnes Helga Sigurðardóttir, ungmennaráði Stykkishólms, Björn Rúnar Egilsson, ungmennaráði SAFT, Nilsína Larsen Einarisdóttir, ungmennaráði SAMFÉS og ráðgjafarhópi umboðsmanns barna og Þóra Jónsdóttir, ungmennaráði Barnaheilla.

Fundurinn var með því sniði að unnið var með umræðuefnin í vinnustofum og í lokin kynntu ungmennin niðurstöður fyrir stjórnendum og öðru starfsfólki og fjörugar og athyglisverðar umræður áttu sér stað.

Vert er að geta þess að í lok fundar afhentu fulltrúar Samfés forstjóra ályktun af landsþingi ungs fólks sem haldið var 9. október 2014, þar sem m.a. var ályktað um að ekki var haft samráð um styttingu framhaldsskólans og um breyttan einkunnakvarða.

Menntamálastofnun tók þá ákvörðun fyrir fundinn að fá fram skoðun ungmenna á ákveðnum verkefnum og hvernig þau telja að verkefnin hafi áhrif á börn og ungmenni. Stutt kynning á verkefnum og hugmyndir að spurningum voru sendar fundarmönnum fyrir fundinn til undirbúnings. Þessi verkefni voru meðal annarra:

Nýr einkunnakvarði.

Rafræn samræmd könnunarpróf.

Rafræn námsefnisgerð.

Þjóðarsáttmáli um læsi.

Tekið var fram að fundarmönnum var frjálst að fjalla um önnur verkefni en þessi sem að ofan greinir.

Auk þess voru lagðar fram aukaspurningar frá Menntamálastofnun. Beðið var um álit á stefnu og heimasíðu stofnunarinnar og hvernig væri best fyrir stofnunina að nálgast ungmenni, t.d. á hvaða

miðlum? Einnig var innritun í framhaldsskóla umfangsefni og hvað sé hægt að gera við til að spyrna við brottfalli nemenda úr framhaldsskólum.

Ungmennin voru að beiðni stofnunarinnar búin að senda fyrirfram sínar óskir um umræðuefni, en þau voru:

**Lífsleiknitímar í grunnskólum.
Sundkennsla á unglingastigi.
Stytting framhaldsskólans.**

Unnið var með umræðuefnin í vinnustofum og í lokin kynntu ungmennin niðurstöður fundarins.

Meginniðurstöður fundarins voru:

- Óskað var eftir því að samráð verði haft í framtíðinni við ungmenni þegar verið er að taka ákvarðanir sem varða þau.
- Ungmennin voru ósátt og gerðu athugasemdir við að hafa ekki verið aðspurð vegna ákvarðana t.d. um breyttan einkunnakvarða.
- Kallað var eftir kynningum sem ná beint til nemenda á mikilvægum málefnum.

Hér á eftir er fróðleikur um aðalviðfangsefni fundarsins sem sendur var til fundarmanna fyrir fundinn og í lokin eru meginniðurstöður fundarins um hvert viðfangsefni fyrir sig.

Nýr einkunnakvarði - einkunnir í formi bókstafa.

Frá og með vori 2016 eiga nemendur sem ljúka grunnskóla að fá vitnisburð sinn í bókstöfum í samræmi við ákvæði [aðalnámskrár grunnskóla](#). Meginrök fyrir þessari breytingu eru að með aðalnámskránni er aukin áhersla lögð á hæfni og sett eru fram ný viðmið fyrir námsmat. Er það í samræmi við áherslubreytingar í menntun hér á landi og í nágrannalöndunum. Skólum er nú gert að gefa nemendum einkunnir í bókstöfum í eftirtöldum námsgreinum og sviðum: íslensku, ensku, stærðfræði, Norðurlandamáli, listgreinum, verkgreinum, náttúrugreinum, upplýsinga- og tæknimennt, skólaíþróttum og samfélagsgreinum.

Í aðalnámskrá grunnskóla eru birt hæfniviðmið fyrir lok 4., 7., og 10. bekkjar sem lýsa þeirri hæfni sem liggur að baki hverri einkunn. Hæfni felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni. Mat á hæfni byggir því ekki eingöngu á mati á þekkingu nemandans eða leikni til að framkvæma, heldur getu hans til að skipuleggja, útskýra og nota hugtök um efni viðkomandi námsgreinar eða námssviðs. Við einkunnagjöf er notaður kvarðinn A, B+, B, C+, C og D.

Í aðalnámskrá grunnskóla eru birt samræmd mats- og hæfniviðmið fyrir 8. - 10. bekk sem lögð eru til grundvallar fyrir kennara við val á kennsluaðferðum, námsefni og matsaðferðum í einstökum námsgreinum eða sviðum. Þetta þýðir að skólar geta útfært námsmat á mismunandi hátt en gæta skal samræmis við aðalnámskrá í námsmati við lok grunnskóla og gefa einkunnir samkvæmt því. Skólar taka því mið af sömu hæfni- og matsviðmiðum samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. Sjá kynningarbækling [hér](#).

Niðurstöður.

- Nýr einkunnaskali var að mati ungmennanna lítið sem ekkert kynntur fyrir nemendum og kallað var eftir kynningum um málefnið.
- Fulltrúi frá Menntamálastofnun fer í skóla og heldur kynningu eða gert verður kynningarmyndband sem kennarar þurfa að sýna í upphafi annar.
- Kynningar gætu verið almennar og útskýra þarf að það séu ekki tölur á bak við skalann, en það eru allir á því að þannig eigi það að vera.
- Eins og staðan er núna eru nemendur og jafnvel sumir kennarar ekki vissir hvernig standa skal að málum. Enn er verið að gefa einkunnir í tölustöfum og kennarar gefa frekar einkunn þar sem þeir vita ekki hvernig nýi skalinn virkar.
- Skilningurinn eins og hann er núna er sá að nýja kerfið sé tilgangslaust, þar sem það er aðeins unnið með það í 3 ár.
- Það ætti að byrja með nýja kerfið á börnum í 1. bekk og þróa það jafnhliða.
- Kerfið ætti að vera líka í framhaldsskólum svo það sé samræmi (erfitt fyrir unglinga í dag að reyna að læra inn á nýja kerfið eftir að hafa verið metnir í tölum áður og fara svo aftur yfir í tölukerfið í framhaldsskóla).
- Það vantar tilfinnanlega meira samræmi milli skóla hvernig einkunnaskalinn er kynntur.
- Hafa blað með upplýsingum sem sýnir hvað stendur á bak við hvert fag og bókstaf.

Rafræn samræmd könnunarpróf.

Samræmd könnunarpróf eru haldin á hverju ári í 4. 7. og 9. bekk grunnskóla. Prófin veita nemendum og forráðamönnum upplýsingar um árangur og stöðu nemenda og hjálpar þeim að setja markmið í námi. Einkunnir úr prófunum eru ekki notaðar við inntöku í framhaldsskóla. Tvær miklar breytingar verða nú á útfærslu prófanna.

1. Prófin verða í lok 9. bekkjar. Þessi breyting er til þess að nemendur, forráðamenn og kennarar hafi meira svigrúm til að nýta sér niðurstöður til að bregðast við og móta áherslur í 10. bekk. Þeir nemendur sem fara í 10. bekk haustið 2016 taka prófið um leið og 9. bekkur, þ.e. um vorið 2017. Stefnt er að því í framhaldinu að þessi próf verði lögð fyrir í 9. bekk í stað 10. bekkjar.
2. Prófin verða lögð fyrir rafrænt. Með því að taka upp rafræn próf skapast möguleikar á að þróa fjölbreyttari og hæfnimiðaðri prófverkefni. Einnig er unnt að aðlagða prófin að ólíkri námsstöðu nemenda þannig að allir þreyti ekki sama prófið heldur leysi einungis verkefni sem gefa mynd af þeirra getustigi. Loks er með rafrænum prófum unnt að auka áreiðanleika og réttmæti prófa með því að prófverkefni verða ekki opinber og því er unnt að nota atriðin oftar en einu sinni og og þar með verða þau sambærileg milli ára.

Niðurstöður.

- Nemendur fá kynningu á mikilvægum málefnum áður en ákvarðanir eru teknar.
- Samráð sé haft við þá sem breytingarnar varða mest.
- Nemendum finnst mikið af breytingum á sama tíma, sömu árgangarnir (1999, 2000, 2001) lenda í miklum breytingum.
- Mikið álag á nemendur, kennara og kerfið í heild, Menntamálastofnun líka. Miklar breytingar í einu svo sem nýr námsmatskvarði og stytting framhaldsskólans.

- Hvernig verður komið til móts við sérþarfanemendur og þá sem finnst erfitt að lesa af skjá þegar rafræn próf verða lögð fyrir? Sumir fá illt í augun og hausverk þegar þeir horfa of lengi á skjá. Er hægt að fá að lesa textann á blaði en taka prófið rafrænt?
- Hvernig verður rafrænum stræðfræðiprófum háttað? Verður hægt að fá hálfan fyrir aðferð þótt niðurstaðan sé röng, eins og áður hefur tíðkast? Hvaða áhrif hafa klaufavillur? Hvað með krassblöð og reiknivélar?
- Eru skólarnir í stakk búnir til að halda rafræn próf tæknilega séð? Er nettengingin nógu góð og nógu margar tölvur fyrir alla? Hvað gerist ef tölvan hrynur?

Rafræn námsefnisgerð.

Menntamálastofnun ber að sjá grunnskólanemendum fyrir fjölbreyttum og vönduðum námsgögnum sem eru í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla. Aukin áhersla verður í framtíðinni á útgáfu rafræns námsefnis.

Niðurstöður.

- Auka þarf námsefni og hafa það á máli sem ungt fólk skilur.
- Mikilvægt er að allir nemendur hafi jafnan aðgang að tækjum, tækni og efni.

Þjóðarsáttmáli um læsi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og sveitarfélög hafa gert með sér [Þjóðarsáttmála um læsi](#). Markmiðið samkvæmt [Hvítbók](#) er að 90% barna geti við lok grunnskóla lesið sér til gagns. Ráðgjafar um læsi starfa í Menntamálastofnun, svokallað læsisteymi. Þeirra hlutverk er að styðja við og veita ráðgjöf til skóla og sveitarfélaga, kynna, fræða og leiðbeina skólastjórnendum, kennurum og foreldrum um lestrarnám. Verkefnið er til fimm ára, en ætlunin er að það verði hluti af almennu skólastarfi til framtíðar.

Verkefnið fór af stað af því að lesskilningur barna og ungmenna hefur versnað og við lok grunnskóla getur allt of stór hluti nemenda ekki lesið sér til gagns. Við erum með markvissum aðgerðum í samvinnu við marga aðila t.d. Heimili og skóla, að vinna að því að bæta læsi barna á Íslandi.

Lestur er spurning um velferð og lykill að lífsgæðum. Foreldrar munu fá ráðgjöf, stuðning og fræðslu frá skólum, sérfræðipjónustu sveitarfélaga og læsisteyminu til að hlúa að lestrarnámi barna sinna. Eitt af tækjum okkar til að stuðla að þessu er að leggja fyrir stöðluð lesfimipróf í 1. – 10. bekk. Áætlað er að leggja í fyrsta skipti fyrir þrjú próf fyrir hvern árgang á skólaárinu. Eitt og sama prófið verður lagt fyrir í september og maí til að fá marktækar mælingar yfir árið og annað próf í janúar sem er notað til að fylgjast með framförum á miðju skólaári. Tvö hliðarpróf verða lögð fyrir alla nemendur í 1. – 3. bekk og verða þau stöðluð alveg upp í 10. bekk. Ef kennurum finnst ástæða til að leggja þau fyrir eldri nemendur þá er sá möguleiki fyrir hendi. Einnig er unnið að lesskilningsprófum sem notuð verða til að fylgjast með framgangi lestrarferils nemenda.

Niðurstöður.

- Kallað var eftir fjölbreyttara vali á viðfangsefnum.
- Mikilvægt að kennari geti vakið áhuga og aðstoðað nemendur við val á bókum.
- Auka þarf yndislestur en hann má ekki vera íþyngjandi. Verður að vera hvetjandi. Ekki sem aukin verkefnaskil.
- Mikilvægt að allir geti fengið efni við hæfi, sem samsvarar getu þeirra. Ekki miða við þá sem eiga erfitt með lestur við þá sem eiga ekki erfitt með lestur.

Heimasíða Menntamálastofnunar.

- Gera þarf síðuna litríkari.
- Hafa upplýsingar á fleiri tungumálum.
- Gera þarf kynningarmyndband um nýjan einkunnakvarða, svipað og kynningarmyndbandið um Menntamálastofnun og hafa á síðunni.
- Gera myndbönd aðgengilegri. Setja á Youtube og fl.

Innritun í framhaldsskóla.

Okkar upplýsingar sýna að nemendur eru oft að velja sér framhaldsskóla út frá einhverju öðru en hvernig námið í þeim skóla er (t.d. félagslífi, vinum, vinsældum skóla og svo framvegis). Það þýðir að of margir nemendur eru ekki að finna sig í því námi sem þeir fara í og eru í meiri hættu á að falla úr skóla.

Niðurstöður.

Sýnileiki í fjölmiðlum skiptir miklu máli. Vilja öflugara kynningarstarf fyrir 10. bekkina; á netinu, opin hús og heimsóknir. Enn virðast margir velja skóla út frá einhverju öðru en námsframboði, s.s. félagslífi og ímynd skóla. Sumir velja námsbrautir vegna möguleikanna sem þær veita, t.d. náttúrufræðibraut upp á A-prófið.

Umfjöllunarefni skv. beiðni fundarmanna

Lífsleiknitímar í grunnskólum – niðurstöður.

- Illa nýttir tímar alla jafna.
- Kennarar eru ekki nógu færir til að sinna þessari kennslu og mjög misjafnt er hvernig staðið er að henni.
- Það vantar aukna fræðslu t.d. um vinnumál, réttindi, geðheilbrigði, skyndihjálp, framkomu, sjálfstraust, fjármálalæsi, námstækni, jafnrétti, mannréttindi, umburðarlyndi og samskipti.
- Það vantar kennslu í lífsleikni í framhaldsskólum.

Stytting framhaldsskólans – niðurstöður.

- Af hverju er ekki val um það að stytta grunnskólann frekar en framhaldsskólann?
- Hefur engin umræða verið um það að fara hraðar í gegn um grunnskólann.

- 9. bekkur er upprifjun á 8. bekk.
- Ekki allir ráða við það að fara hraðar í gegn um grunnskólann, ætti að vera val um það að hoppa upp um ár.
- Norðurlöndin bjóða upp á 3ja ára framhaldsskólanám, en þar þurfa nemendur ekki að vinna eins mikið og nemendur fá fjárhagsstuðning.

Sundkennsla á unglingastigi – niðurstöður.

- Breyta þarf sundnámsmati, taka út tímatökur og flugsund.
- Kenna þarf björgun og sund við erfiðar aðstæður heldur en vera með þá kröfu að geta synt hratt.
- Um leið og nemandi klárar 10. sundstig þá hefur hann þar með lokið sundi.
- Ekki hafa afreksstig eftir 10. stig nema að nemandinn óski eftir því.
- Námsmat fyrir sund er úrelt. Nemendur þurfa að synda ákveðna vegalengd á ákveðnum tíma.

Eftirmáli

Í framhaldi af samráðsfundinum þá hefur Menntamálastofnun leitað til þeirra aðila sem sendu fulltrúa sína á fundinn með beiðni um tilnefningar í ungmennaráð Menntamálastofnunar. Stofnunin metur tillögur og hugmyndir ungmennanna mikils og mun leitast við að taka tillit til þeirra í áframhaldandi vinnu. Árlegir fastir fundir með ráðinu verða haldnir og þess á milli verður leitað eftir samráði við ungmennaráðið um verkefni stofnunarinnar sem varða þau.

Niðurstöðum fundarins hefur verið komið til hlutaðeigandi starfsmanna innan stofnunarinnar. Margar ábendingar sem ungmennin lögðu fram varða mennta- og menningarmálaráðuneyti og verður þeim komið á framfæri við ráðuneytið.